

Skagafjarðarveitur ehf.

Aðalfundur 06.07. 2007

Aðalfundur Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2006 haldinn þriðjudaginn 6. júlí 2007 kl. 14.00 í húsi Skagafjarðarveitna ehf. að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

AÐALFUNDARDAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til samþykktar
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
5. Breytingar á samþykktum.
6. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason stjórnarformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og gerði að tillögu sinni að Gunnar Bragi Sveinsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Tilaga um Árni Egilsson sem fundarritara samþykkt.

1. Einar Gíslason flutti skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu ári.
2. Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG fór yfir og skýrði ársreikning félagsins fyrir árið 2006.
Rekstrarhagnaður félagsins var kr. 25.106.142 Heildareignir félagsins eru að upphæð kr. 781.109.668 og eigið fé kr. 373.603.390

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga.
Almennar umræður fóru fram um nýframkvæmdir hjá Hitaveitu.

Ársreikningurinn var síðan borinn upp til samþykktar.
Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

3. Tillaga var borin upp um að hagnaður ársins verði færður óráðstafaður til næsta árs.
Samþykkt samhljóða.
4. Tillaga lögð fram um að laun stjórnarmanna skulu taka mið af launum fyrir nefndir 1 / fastanefndir hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.
Samþykkt.
5. Engar breytingar á samþykktum liggja fyrir fundinum.

6. Tillaga um stjórnarmenn og endurskoðanda borin upp:

Aðalmenn:

Einar Gíslason
Páll Dagbjartsson
Pétur Valdimarsson

Varamenn:

Viggó Jónsson
Jón Sigurðsson
Hólmfríður Guðmundsdóttir

Endurskoðandi:

Kristján Jónasson, KPMG Endurskoðun, Sauðárkróki.

Samþykkt samhljóða.

7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
Ekkert lá fyrir undir þessum lið

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 14.40

Gunnar Bragi Sveinsson fundarstjóri (sign)

Árni Egilsson ritari (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.